

Fundur í fagraði nautgriparæktar 26. nóvember 2014

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Nautastöðinni á Hesti og hófst kl. 11.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Baldur Helgi Benjamínsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Sigurður Loftsson, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, Þórarinn Leifsson, Þóroddur Sveinsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson mætti aðeins síðar á fundinn. Fulltrúi frá Matvælastofnun mætti ekki en Sigrún Bjarnadóttir er í fæðingarorlofi. Sveinbjörn Eyjólfsson sat fundinn undir lið 2 og lið 6 að hluta til.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Nýr útreikningur kynbótamats
3. Eftirleguumsókn í þróunarsjóðinn
 - a. Heilsukort fyrir nautgripi o.fl.
4. Ræktunarmarkmiðin
5. Áherslur fagraðs
6. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 20. október 2014, samþykkt án athugasemda.

2. Nýr útreikningur kynbótamats.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður kynbótamats sem keyrt var nú í nóvember sem eru þær að þau reyndu naut sem eru í dreifingu hafa haldið sínu í meginatriðum. Blómi 08017 hefur bætt töluvert við sig og hækkað um heil 4 stig í heildareinkunn. Synir Laska 00010 koma best út í 2008 árgangnum og þar trónir Bambi 08049 nú langefstur allra nauta með 120 í heildareinkunn.

Sveinbjörn fór aðeins yfir hvernig menn hafa tekið kvótastýringu á Flekk 08029, Klett 08030 og Bamba 08049 og sagði að menn hafi yfirleitt tekið þeirri ráðstöfun vel og sýnt henni skilning. Sveinbjörn fór líka yfir birgðir úr þeim nautum sem eru í dreifingu en verulega er farið að ganga á birgðir úr nokkrum nautum eða þeim Hjarða 06029, Sandi 07014, Húna 07041, Legi 07047, Laufási 08003 og Kletti 08030.

Rætt um hvaða naut eiga að vera í dreifingu vetur. Nokkuð ljóst að úr 2008 árgangi koma ekki fleiri naut til dreifingar sem reynd naut. Ákveðið að halda áfram með þau naut sem eru núna í dreifingu og klára birgðir úr þeim sem áður voru taldir. Jafnframt verði þeim Kraka 09002 og Bolta 09021 bætt við í hóp reyndra nauta í dreifingu. Þeir verði kynntir með útgáfu á spjaldi, annað hvort á bakhlið nýs nautaspjalds eða sérstöku spjaldi. Á nýtt nautaspjald komi jafnframt upplýsingar um hæð dætra til viðbótar þeim upplýsingum sem eru fyrir.

Sveinbjörn fór yfir gang mála í sæðistöku og útlit með dreifingu á síðustu nautum í 2013 árangri.

Björn mætti til fundar undir þessum lið.

3. Eftirleguumsókn í þróunarsjóðinn.

Tekin fyrir umsókn í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar sem varð út undan á síðasta fundi þar sem umsækjandi hélt að hún lægi inni en gleymdi að senda áminningu en umsóknin hafði verið sett í bið meðan að afgreiðsla umsókna var færð frá Bændasamtökunum til Framleiðnisjóðs.

a. Heilsukort fyrir nautgripi o.fl.

Umsókn frá Bændasamtökum Íslands vegna sjúkdóma- og lyfjaskráningar í nautgriparæktarkerfinu Huppu. Verkefnisstjóri er Jón Baldur Lorange. Guðný Helga, Guðmundur, Gunnfríður og Vigdís viku af fundi við afgreiðslu þessarar umsóknar.

Afgreiðsla: Fagråd er á því að verkefnið sé mikilvægt og mælir með að verkefnið verði styrkt sem nemur kr. 1.500.000.

4. Ræktunarmarkmiðin.

Umræðu um ræktunarmarkmiðin framhaldið frá síðasta fundi. Mikið rætt um þetta mál og m.a. innflutning á sæði bæði úr holda- og mjólkurkúakynjum. Einnig rætt um nauðsyn þess að taka inn í ræktunarmarkmiðin ákveðin atriði sem lúti að kjötframleiðslu.

Fram kom að fagråd leggur mikla áherslu á að unnin verði verndaráætlun fyrir íslenska kúakynið svo fljótt sem verða má sem og að með hliðsjón af væntanlegu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra verði ræktunarskipulagið skoðað. Mikilvægt er að skoða með hvaða hætti og á hvaða hendi innflutningur á holdanautasæði verður þannig að skipulag ræktunarstarfsins raskist ekki verði frumvarpið að lögum.

Ákveðið að Baldur Helgi og Guðmundur semji drög að ræktunarmarkmiðum fagráðs í nautgriparækt sem verði óháð ræktunarmarkmiðum íslenska kúakynsins sem standi áfram. Áhersla verði lögð á bæði mjólkur- og kjötframleiðslu.

5. Áherslur fagráðs.

Fyrir liggja drög að áherslum fagráðs árin 2014-2018. Rætt um hugmyndalista að B.Sc. og M.Sc.- verkefnum fyrir nema á Hvanneyri og nauðsyn þess að slíkur listi liggji fyrir á hverjum tíma með fjölbreyttum verkefnum þar sem fyllt sé göt þekkingarinnar. Slíkur listi og áherslur fagráðs þurfa að vera nokkuð samhljóða.

6. Önnur mál.

Rætt um kyngreiningu á sæði og möguleika til hagnýtingar á þeirri tækni. Sveinbjörn kom á fundinn og ræddi þess mál og greindi frá sinni þekkingu á málinu. Ákveðið að óska eftir því við Nautastöðina að taka saman og fá ítarlegri upplýsingar frá Geno í Noregi um framkvæmd þess að fá sæði kyngreint með hliðsjón af möguleikum og ræktunarskipulagi okkar.

Rætt um hvort munur sé á hlutfalli fæddra nauta og kvígna eftir bili milli burða. Hugsanlega má skoða þetta með gagnáttækt úr Huppu.

Sigurður kom inn á að Fagþing nautgriparæktarinnar verði felld inn í dagskrá aðalfundar LK 12. og 13. mars n.k. Fagþingið verður fyrri dag fundarins og verður haldið í sal Íslenskrar erfðagreiningar. Uppi hafa verið hugmyndir um að leggja áherslu á ræktunarmarkmiðin og fagstarf í nautgriparækt, frjósemi nautgripa, uppeldi nautgripa til mjólkur- og kjötframleiðslu og hagkvæmni fjósbygginga.

Besta naut 2007 árgangsins valið Sandur 07014 frá Skeiðháholti 1 á Skeiðum.

Rætt um framtíð heyfnagreininga hérlendis og menn á því að sú þróun sem væri að eiga sér stað væri áhyggjuefni og mikilvægt væri að aðgengi rannsóknamanna að efnagreiningum væri til staðar innanlands.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Sigurður Loftsson

Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir

Þórarinn Leifsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Björn S. Gunnarsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Þóroddur Sveinsson

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð síðasta fundar, dags. 20. október 2014.
2. Niðurstöður kynbótamats í nóv. 2014.
3. Yfirlit frá Nautastöðinni um sæðisbirgðir o.fl. í nóv. 2014.
4. Heilsukort fyrir nautgripi o.fl., umsókn í þróunarsjóð frá BÍ.
5. Ræktunarmarkmið fyrir íslenska kúakynið.
6. Áherslur fagráðs 2014-2018, drög.